

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 2.maí 2022 í Álfasteini.

Mættar eru Hugrún, Eva, Brynhildur, Lilja, Sunna og Sigurbjörg. Lilja ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 19.30

1. **Farið yfir það sem er framundan í skólastarfinu.** Leikhópurinn Lotta er á leiðinni norður og Hugrún er búin að hafa samband við þau að athuga hvort þau komist mánudaginn 23.maí, og þá myndi 1.-4.bekkur koma í heimsókn í leikskólann. Kostnaður myndi þá deilast á Pelamerkurskóla og Álfastein. Þetta kostar samtals um 140 þús. Ákveðið var að ef þetta gengur eftir mun foreldrafélagið greiða Álfasteins helming, en leikskólinn leigi í staðinn hoppukastala á sumarhátíð. Einnig eru framundan fjöruferð, ferð í kjarnaskóg auk þess að Skólahópur á eftir að fara í 2 skólaheimsóknir, útskriftarferð og svo útskrift.
2. **Sumarhátíð.** Hún verður miðvikudaginn 1. júní kl. 10-12. Hefð er fyrir að leigja hoppukastala. Grillaðar pylsur verða í boði og stjórnin tekur þátt í að afgreiða þær. Í fyrra var einnig keyptur ís fyrir börnin, Aldís frá kjörís er mjólkurlaus og inniheldur lítinn sykur og ákveðið að kaupa hann fyrir börnin. Ákveðið að stefna á tombólu, þá verði óskað eftir leikföngum sem vantar nýtt heimili og börnin geti svo keypt sér miða á tombólu og eignast ný leikföng á sumarhátíðinni. Þetta sé kjörið tækifæri til að ræða um endurnýtingu og hringrásarkagkerfi við börnin. Miðinn verði á aðeins 100 kr og ágóðinn verði nýttur í eitthvað í þágu leikskólans. Lilja skrifar auglýsingu og sendir á Hugrúnu.
3. **Sveitaferð.** Bogga matráður er búin að bjóðast til að taka á móti börnum og foreldrum í sveitaheimsókn. Hún talaði um laugardag eða sunnudag en ákveðið að hafa það frekar á virkum degi milli 16-18. Í samráði við Boggu var ákveðið að hafa það föstudaginn 13.maí. Ákveðið að foreldrafélagið bjóði uppá kleinur og mjólk, Lilja hefur samband við MS til að fá tilboð í 70 drykkjarmjólkurfurnur og ákveðið að athuga hvort kvenfélagið sé til steikja kleinur og selja okkur.

Fundi slitið 21.30